

## 7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

## 8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

## 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 10. gr.

Hitaveita Seltjarnarness hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 515,00 í hvert skipti.

## 11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seltjarnarness skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir málum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júlí 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 22 25. janúar 1984.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. júní 1984.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**REGLUGERÐ****um bann við togveiðum við Hrollaugseyjar.**

## 1. gr.

Á tímabilinu 1. júlí til 1. september 1984 eru allar togveiðar bannaðar á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi 150° frá eftirgreindum punktum:

- |               |            |
|---------------|------------|
| a) 64° 10'8 N | 15° 42'6 V |
| b) 64° 05'0 N | 16° 05'0 V |

Að utan markast svæðið af línu sem dregin er 9 sjómíllur frá grunnlínu sbr. reglugerð nr. 299/1975.

## 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 26. júní 1984.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*

**REGLUGERÐ**

**um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.**

## 1. gr.

Fjárhæð 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1984:

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (og tekna barna) sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar .....	kr. 41 670,-
Hjón .....	kr. 58 330,-

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. júní 1984.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

**AUGLÝSING**

**um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmála Njarðvíkur-  
kaupstaðar nr. 99 30. mars 1976.**

Við 24. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Bæjarráð getur leyft að listi sem á fulltrúa í bæjarstjórn, en ekki bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Njarðvíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1984.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*